
Jafningjamat fjarkennara VÍ

Skýrsla fjarnámsstjóra

Vorönn 2008

„Um leið og ég opnaði viku eitt, leið mér eins og kennarinn væri við hliðina á mér.“

Efnisyfirlit

Jafningjamat.....	3
Framkvæmd	4
Kennarinn.....	5
Nemendur	6
Samskipti.....	6
Kennslukerfið	7
Skipulag.....	8
Áfangalýsing og vikuáætlanir	9
Fyrsta sýn á áfanga.....	9
Að rata um áfanga.....	10
Dagatal og tilkynningar	11
Námsefni	11
Verkefni.....	13
Lokapróf	14
Námsmat.....	14
Það sem þarf að laga strax.....	15
Nýir áfangar og gamlir.....	16
Lokaorð fjarkennara á matsblöðum.....	16
Lokaorð fjarnámsstjóra	17

Jafningjamat

Umræða um mat á gæðum fjarnámsáfanga Verzlunarskóla Íslands hefur verið í gangi lengi, alla vegana síðan haustið 2005 þegar núverandi fyrirkomulag fjarkennslu var tekið upp. Í stefnumótunarhópi um fjarnám sem var að störfum veturinn 2006 – 2007 var þetta mikið rætt. Þar kom fram sú hugmynd að gagnlegt gæti verið að byrja slíka matsvinnu á því að fjarkennarar yrðu nokkurs konar gestir í áföngum hverra annarra, í þeim tilgangi annars vegar að læra af því sem þar væri vel gert og hins vegar að benda kennara sem kenndi áfanga á það sem betur mætti fara. Nokkrir fjarkennarar í stefnumótunarhópnum höfðu verið fjarnemendur í áföngum kollega sinna og fannst það hafa komið báðum að gagni. Hugmyndin var sú að þetta gæti undirbúið áfangana undir nemendakönnun sem færi þá fram í kjölfarið.

„Í samræmi við sjálfsmatshefðir skólans leggjum við til að farið verði í könnun á gæðum fjarkennslu sem fyrst og eigi síðar en á næstu haustönn.

Sumir í hópnum vildu fara hægar í sakirnar og byrja matsferlið með aðferð sem nefnd hefur verið jafningjamat, en aðrir töldu að kennarar skólans væru vanir því að spurningalistar um gæði kennslu væru lagðir fyrir nemendur. Í jafningjamati felst hins vegar að tveir og tveir kennarar vinni saman, skoði áfanga hvors annars og gefi ráð. Jafningjamatið gæti þannig skilað af sér betri fjarkennslu og í framhaldi af því mætti leggja spurningalista fyrir nemendur.“

Skýrsla stefnumótunarhóps um fjarnám, 7. mars 2007.

Jafningjamatið byggir á því að kennarar vilji gera áfangana sína sem besta úr garði, að þeir telji sig geta lært af öðrum fjarkennurum og að þeir séu fúsir til að skoða áfanga kolleganna vel og vandlega og meta þá á faglegan hátt. Í framhaldinu þurfa kennarar svo að lagfæra það sem þeim er bent á að betur mætti fara.

Það sem skiptir mestu máli í þessari vinnu er ferlið sem fer fram þegar matsmaður skoðar áfanga annars kennara: Þær hugmyndir sem kvikna þegar hann sér vinnu annars kennara; það sem hann lærir af því sem annar kennari gerir vel eða öðruvísi; Jafnvel bara það að fá staðfestingu á því að hann sjálfur sé að gera rétt.

Matsblöðin sjálf og hvað á þeim stendur skipta minna máli, þau eru aðeins tæki sem matsmaður á að nota til að skoða áfanga skipulega.

Skýrsla þessi er byggð á því sem fjarkennarar segja um áfanga hverra annarra á matsblöðum. Valið var úr mörgum álíka athugasemdum og reynt að hafa þær sem fjölbreytilegastar. Vitnað er beint í það sem matsmenn skrifa á matsblöð, en þó þannig að nöfn áfanga, kennara og matsmanna komi hvergi fram. Þegar beinar tilvitnanir eru teknar af matsblöðum er þess getið sérstaklega.

Skýrslan er hugsuð fyrir fjarkennara fyrst og fremst, svo þeir megi draga lærdóm af því sem matsmenn skrifuðu á matsblöðin. Skýrslunni er ekki ætlað að fella dóm um fjarkennslu þá sem Verzlunarskóli Íslands býður nemendum sínum.

Framkvæmd

Kennarar fengu aðgang að áföngum hverra annarra í rúmar tvær vikur. Á þeim tíma var þeim ætlað að fara inn í áfangana og litast þar um. Á meðan þeir skoðuðu sig um, fylltu þeir út matsblöð sem þeir svo skiluðu til fjarnámsstjóra. Fjarnámsstjóri ljósritaði matsblöðin og tók í sína vörslu, en setti frumritin í hólfi kennara sem kenna áfangana. Fjarnámsstjóri fór síðan í gegnum öll matsblöðin og tók saman almennar niðurstöður og setti í þessa skýrslu.

Áður en matsvinnan fór í gang, fengu fjarkennarar tíma og aðstoð við að taka til í áföngum sínum í kennslukerfinu.

Kennarar sem tóku þátt í matinu, voru settir inn í fjarnámsáfanga undir nafni. Fjarnámsstjóri raðaði kennurum niður á áfanga til skoðunar af handahófi, en þó þannig að enginn skoðaði áfanga úr sömu deild og hans áfangi tilheyrði. Lýsing á því hvernig þetta var gert er í kennslukerfinu.

Matið átti að byggjast á faglegri þekkingu kennara á kennslu, en ekki á þekkingu þeirra á faginu sem áfanginn sem þeir skoðuðu fjallaði um. Lögð var áhersla á að kennari sem sá um mat á áfanga sýndi kennara sem kenndi áfangann fullan trúnað.

Hver fjarkennari skoðaði 2 - 3 áfanga og fékk greidd laun í eina klukkustund fyrir hvern áfanga. Alls voru skoðaðir 126 áfangar af 44 kennurum. Allir áfangar voru skoðaðir en tveir fjarkennarar báðust undan því að meta áfanga vegna anna við önnur störf.

Vinnutilhögun við jafningjamatið var með eftirfarandi hætti:

3. mars: Fundur með fjarkennurum þar sem fjarnámsstjóri kynnti verkefnið.
4. mars: Fjarnámsstjóri sendi kennurum gátlista sem þeir gátu notað til að taka til í áföngum sínum og lagfæra þá áður en matsvinnan færi í gang. Fjarkennarar fengu þá einnig í hendurnar drög að matsblaði sem nota ætti við matið og voru þeir beðnir um að senda fjarnámsstjóra ábendingar um það sem betur mætti fara.
3. - 14. mars: Fjarkennarar tóku til í áföngum sínum. Fjarnámsstjóri aðstoðaði þá sem þess óskuðu, ýmist á vinnutíma, eða í lok vinnudags í fyrirfram auglýstri vinnustofu.
26. mars: Matsmenn voru settir í áfanga sem gestir (*auditor*) og þeir fengu matsblað í hendurnar. Matsblaðið hafði reyndar ekkert breyst frá því að drög þess voru birt þann 4. mars, því engin ábending kom um eitthvað sem betur mætti fara.
27. mars – 11. apríl: Fjarkennarar framkvæmdu matið.
14. apríl: Matsblöðum skilað til fjarnámsstjóra, kennarar sem kenna áfanga fengu matsblöð sín í hendurnar.

21. apríl: Fjarnámsstjóri skilaði skýrslu um almennar niðurstöður mats. Fjarkennarar voru teknir úr áföngum sem þeir mátu. Jafningjamati var þar með formlega lokið.

Kennarinn

Fjarnemendur þurfa að verða varir við kennarann sinn í kennslukerfinu, en ekki bara við einhvern kennara. Ekki aðeins þurfa þeir að vita hvað kennarinn heitir, heldur þurfa þeir líka að geta gert sér einhverja mynd af honum í huganum. Kennarinn ræður hvaða upplýsingar fjarnemandinn fær um hann, en til að skapa jarðveg fyrir samskipti, er nauðsynlegt að fjarnemandinn hafi einhverjar hugmyndir um kennarann.

Matsmenn voru beðnir um að meta hvort auðvelt væri að sjá hver kenndi áfangann og hvort kennari væri sýnilegur í áföngum eða ekki og í langflestum tilfellum fannst þeim svo vera. Á meðal þess sem matsmenn nefndu sem merki um sýnileika kennara var:

- Mynd af kennara á forsíðu.
- Kynnig á kennara með myndbandsupptöku.
- Kynning á kennara í skjali merktu „Kennarinn þinn“ eða eitthvað álíka.
- Bréf frá kennara í umræðum þar sem hann kynnir sig. Sem dæmi um góða hugmynd má nefna að einn kennari er með umræðumöppu á forsíðu sem heitir: „Hver er ég? – Hver ert þú?“.
- Skilaboð frá kennara á forsíðunni eða í möppum í brjóst- eða fótvísi (*header/footer*).
- Tilkynningar frá kennara sem minna nemendur á skiladaga, námsefni vikunnar, próf og fleira.
- Bréf frá kennara í umræðum með spurningum um hvernig gangi sýna áhuga kennarans á nemendum.
- Vikuleg bréf frá kennara í umræðum hvetja nemendur áfram og gefa þeim til kynna hvaða námsefni er á döfinni hverju sinni.
- Áminningar í dagatali gefa nemanda tilfinningu fyrir nærveru kennara sem vakir yfir áfanga og minnir þá á mikilvæga viðburði.
- Inngangur sem kennari skrifar með námsefni í hverri viku og einn matsmaður skrifaði: „Inngangur með námsefni í hverri viku er persónulegur og virkar sem ákveðin tenging við nemendur“. Annar matsmaður orðaði þetta svo: „Um leið og ég opnaði viku eitt, leið mér eins og kennarinn væri við hliðina á mér. Get ekki ímyndað mér annað en að þetta sé mjög skýrt fyrir nemendur“. Betur er ekki hægt að verða var við nærveru kennara í áfanga.
- Leiðbeiningar sem kennari skrifar með verkefnum. Einn matsmaður orðaði þetta svo: „Fyrirmæli frá kennara eru nákvæm og virka sem tenging við nemendur“.
- Rödd kennara á talglærum, í töflukennslu, í hljóðskrá. Einn matsmaður skrifaði: „Róleg rödd kennarans á talglærum gefur rólegan anda í kennslukerfi áfangans“.
- Einn matsmaður komst svo að orði að nemendur yrðu varir við einhvern kennara, en ekki endilega við kennarann sinn. Það er mjög mikilvægt fyrir fjarnemendur að fá

tilfinningu fyrir kennaranum sínum, svo þeir eigi auðveldara með að setja sig í samband við hann síðar þegar þeir þurfa aðstoð við námið.

Nemendur

Nemendur í áföngum eru misvirkir og verður það okkur ætíð ráðgáta hvað það er sem gerir það að verkum að eina önn er mikil virkni í tilteknum áfanga, en aðra önn minni. Þetta virðist ekki vera háð fjölda nemenda í áfanga, þó má segja að ef nemendur eru færri en 10, þá er erfiðara að halda uppi lífi í áfanganum. Í mörgum tilfellum eru nemendur feimnir við kennarann sinn og það er kennarans að brjóta ísinn og hvetja nemendur til samskipta.

Matsmenn tiltóku nokkur atriði sem þeim fannst að gætu stuðlað að virkni nemenda:

- Góð kynning kennara í umræðum, hvetur nemendur til að skrifa bréf á móti og kynna sig. Kynning kennarans þarf að vera á léttum nótum, þannig að nemendur sjái að kennari er manneskja en ekki einhver fræðimaður sem þeir þora ekki að eiga samskipti við. Einn matsmaður nefndi að kennari fjallaði um áhugamál sín í slíkri kynningu og þá hefðu nemendur komið með kynningar á sér á móti og fjallað um áhugamál sín líka.
- Kennarinn þarf að hvetja nemendur til samskipta. Það er auðveldara fyrir nemenda að senda bréf í umræður eða póst ef hann er ekki hræddur við kennarann. Margir matsmenn bentu á að ef kennarinn væri hvetjandi og vinalegur í skrifum sínum til nemenda, þá auðveldaði það nemendum að skrifa bréf á móti. Einn matsmaður benti á að kennarinn væri mjög hvetjandi og vinalegur og skrifaði gjarnan í bréf til nemenda orð eins og: „Kennarinn ykkar“. „Gangi ykkur vel“. „Góða skemmtun“. „Það er leikur að læra“. Annar matsmaður skrifaði: „Sniðugt hvað kennarinn er duglegur að virkja nemendur í umræður sem augljóslega hæfa efninu“.

Samskipti

Flestir kennarar vilja að nemendur noti eingöngu samskiptatæki í kennslukerfinu, svo sem að senda bréf í umræður eða pósti. Sumir kennarar eiga mest samskipti við nemendur í gegnum *Assignments* tólið.

Örfáir fjarkennarar gefa fjarnemendum tækifæri á að hafa samband við sig símleiðis, í gegnum versló netföng sín, *MSN* eða *Skype*.

Fjarnámsstjóri gefur nemendum ekki upp versló netföng kennara og á heimasíðu fjarnámsins er þau ekki að finna. Hin opinbera leið til samskipta á milli fjarnemenda og fjarkennara er í gegnum samskiptatæki í kennslukerfinu. Kennarar mega þó að sjálfsögðu nota aðrar leiðir til samskipta.

Aðalatriðið er að samskiptatækin sem fjarkennari vill að fjarnemandi noti verða að vera á hreinu. Það þarf að standa á áberandi stað í kennslukerfinu hvernig fjarkennari vill að fjarnemandi komi til sín skilaboðum.

Flestir matsmenn merktu við að fjarkennarar notuðu umræður til samskipta við sína nemendur. Einnig var merkt við að kennarar notuðu önnur samskiptatól, svo sem dagatal, tilkynningar og brjóst- og fótvísi (*header/footer*) á forsiðu og í möppum.

Matsmenn gátu ekki séð hvort pósturinn væri notaður, hann er að sjálfsögðu aðeins sýnilegur þeim einstaklingum sem fá hann.

Þetta höfðu matsmenn að segja um samskiptin í áföngunum, allt beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Umræðum er skipt niður eftir köflum kennslubókar, mjög skipulagt.
- Mætti flokka umræður betur.
- Að mínu mati mætti nota samskiptatækin sem tiltæk eru fyrir kennarann meira, svo sem dagatalið, tilkynningar, umræður og skilaboð í gegnum haus/fót til nemenda.
- Samskiptaleiðir við kennara ekki nógu skýrar.
- Kennari notar *MSN* til samskipta við nemendur.

Kennslukerfið

Allir áfangar eru settir upp samkvæmt sniðmáti sem gert var haustið 2005. Sniðmátið hefur síðan fengið andlitslyftingar nokkru sinnum, en í stærstu dráttum hefur það verið eins frá upphafi. Samkvæmt sniðmátinu er ætlast til að kennarar setji allt námsefni í möppu sem nefnist *Námsgögn* á forsiðunni.

Þannig er útlit allra áfanga að mestu leyti eins, en mikilvægt er að kennarar lagi kennslukerfi að þörfum áfanga sinna og setji persónulegt mark sitt á það. Sem dæmi nefndu fjarkennarar að fáanar á forsiðum tungumálaáfanga settu strax sérstakan svip á áfanga. Sumum fannst bakgrunnsmyndir og –litir gera kennslukerfið aðlaðandi en öðrum fannst það trufla. Þetta eru auðvitað smekksatriði og kennurum frjálst að nota liti og myndir eins og þeim listir.

Matsmenn bentu á nokkur atriði sem kennarar þurfa að laga í uppsetningu áfanga í kennslukerfi og hér koma beinar tilvitnanir í matsblöðin:

- Taka af bláu hliðarstikunni möguleika sem ekki eru notaðir í áfanganum.
- Þarf að skrifa texta við táknmyndir (*icon*) svo nemendur viti betur hvað er á bak við þá, ekki nóg að nafn á skjali standi þar.
- Skrifa íslenska stafi í krækju, það er Áætlun en ekki aaetlun.
- Nota textaboxin til að útskýra fyrir nemendum hvað er á bak við táknmynd (*icon*).
- Mætti fækka músaklikkum.

- Ekki setja mikinn texta í *Topic descriptions* í umræðum. Skrifa þennan texta í bréfin sjálf.
- Þegar ég smelli á *Learning Module*, þá býður tölvan mér að opna strax skjalið *Upphafsbref*, ég tók ekki eftir hinum skjölunum fyrr en ég skoðaði þetta í annað sinn. Kannski væri betra að hafa smá texta efst í *Learning Module* þannig að nemandinn sjái fyrst alla möppuna en geti svo smellt á *Upphafsbref* til að lesa það.

Skipulag

Ekki er nóg að tiltaka námsefni sem tengist áfanga, það þarf að gera úr því eina heild og gefa svo nemandanum skýrar leiðbeiningar um það hvernig hann á að komast í gegnum það. Fjarkennarinn er nokkurs konar leiðsögumaður sem gefur ferðamönnum leiðbeiningar um það hvar lokatakmarkið er og hvernig best er að komast þangað.

Flestir fjarkennarar merktu við að í áföngunum sem þeir skoðuðu væri auðvelt að sjá hvar hefjast ætti handa og hvert ætti að fara til að fá upplýsingar. Einnig að það væri auðvelt að átta sig á uppsetningu efnis og finna það sem kennari benti á.

Hér kemur umfjöllun matsmanna um það sem þeim finnst vel vera gert varðandi skipulag áfanga, allt beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Áfanginn er snyrtilegur og aðlaðandi.
- Áfanginn er settur upp á mjög aðgengilegan hátt. Auðvelt er að nálgast efni/upplýsingar/verkefni og námsáætlun er einföld og skýr.
- Náms efni vel upp sett og skipulega. Allt í röð og reglu.
- Skipulagið er mjög gott og ég fékk fullt af góðum hugmyndum sem ég gæti notað mér.
- Uppsetningin er frekar einföld og mjög skýr, enginn óþarfi.
- Ekki of margt í gangi, ekki yfirþyrmandi.
- Uppsetning áfangans er til fyrirmyndar og greinilega mikil vinna lögð í hann.
- Velskipulagt og allt kristaltært.
- Áfanginn er vel skipulagður og mikið lagt í hann.
- Finnst *Learning Modules* koma vel út, ætla sjálf að prófa þetta.
- Finnst allar leiðbeiningar og kynningar á námsgögnum góðar og margt þar sem ég mun nýta mér.

Síðan kemur hér umfjöllun um það sem matsmönnum fannst að betur mætti skipuleggja og allt eru þetta beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Mætti flokka efni sem tilheyrir hverri viku í sér möppur eða í *Learning Modules*.
- Setja gögn í möppur, ekki hafa allt saman í hrúgu.
- Raða efni inn eftir tímaröð eða mikilvægisröð.
- Hafa námsgögn, námsmat og fleiri upplýsingar sýnilegar.

Það kom fram á matsblöðum að ef margir kennarar kenna áfanga saman, þá örlaði stundum á ósamræmi á milli einstakra hluta í áfanga. Það þarf að laga.

Áfangalýsing og vikuáætlanir

Í öllum áföngum þarf að vera skýr áfangalýsing, þessi áfangalýsing er jafn nauðsynleg fjarnemandanum og gott landakort og áttaviti eru nauðsynleg ferðamanninum sem fer um ókunnugar slóðir.

Í áfangalýsingu þurfa markmið áfanga að koma skýrt fram og upplýsingar um námsgögn. Sömuleiðis þurfa upplýsingar um námsmatið að koma skýrt fram, annað hvort í sama plaggi og áfangalýsingin, eða í öðru plaggi.

Vikuáætlanir þar sem lýst er nákvæmlega hvað gera skal í viku hverri þurfa að vera hluti af áfangalýsingu, eða koma fram sérstaklega. Allir fjarkennarar eiga að skipta námsefni niður á 10 vikur og gera skýra grein fyrir því í kennslukerfinu.

Matsmenn fjölluðu um áfangalýsingar og vikuáætlanir á sínum matsblöðum. Yfirleitt merktu þeir við að markmið áfangans væru ljós, skýrt kæmi fram hvaða námsgögn nemandi ætti að nota, námsmatið væri ljóst og vikuáætlanir væru skýrar. En örfáar undantekningar voru þó á þessu og hér koma beinar tilvitnanir í matsblöðin:

- Markmið í áfangalýsingu þurfa að koma skýrar fram.
- Markmið þurfa að koma skýrt fram, ekki nóg að vísa í námskrá ráðuneytis.
- Námsmat kemur ekki skýrt fram.
- Vikuáætlanir mega vera skýrari.
- Áætlanir gerðar eftir köflum bókar en ekki eftir vikum.
- Vikurnar ekki alltaf 10.
- Námsáætlun miðar við 8. vikur.

Fyrsta sýn á áfanga

Fyrsta sýn nemanda á áfanga getur ráðið því hvort honum finnist áfanginn árennilegur og hann muni því koma þangað inn aftur, eða fráhrindandi og því litlar líkur á að hann komi þangað aftur. Lang flestir matsmenn merktu við að áfangi sem þeir skoðuðu væri snyrtilegur og efni hans sett inn á skipulagðan hátt.

Hægt er að nota beina tilvitnun í orð eins matsmanns sem samnefnara fyrir dóma margra þar að lútandi:

- Áfangi er aðlaðandi við fyrstu sýn.

Nokkur atriði nefndu matsmenn sem skipta máli varðandi fyrstu sýn á áfanga og betur mættu fara, allt eru þetta beinar tilvitnanir í matsblöðin:

- Forsíðan frekar ruglingsleg, margar myndir og sami hlutur víða.
- Of mikið efni á forsíðu.
- Útlit áfanga svolítið „dull“ mikið af skjölum sem líta eins út.

Að rata um áfanga

Þegar nemandi kemur inn í áfanga í fyrsta sinn, þarf að blasa við honum hvað kennari ætlast til að hann geri fyrst af öllu. Nemandi má ekki líða eins og hann sé í einhverjum ratleik, þar sem engar vísbendingar er að finna um hvað gera skal. Einn matsmaður orðaði þetta einhvern veginn á þann hátt að það að koma inn í áfangann í fyrsta sinn, hefði verið eins og að fá kubba úr púsluspili í hendurnar og þurfta svo að raða þeim upp sjálfur, án fyrirmyndar.

Þess má þó geta hér að fjarnámsstjóri sendir öllum nemendum sem fá aðgangsorð að kennslukerfinu tölvupóst með upplýsingum um það hvar þeir eigi von á að finna efni frá kennurum í fjarnámsáföngum.

Matsmenn fjölluðu um það hversu vel þeim gekk að átta sig á uppbyggingu áfanga og rata um hann og hér koma beinar tilvitnanir í matsblöð um það sem vel er gert í þessum efnum og hægt er að læra af:

- Mappan *Upphafið* er til fyrirmyndar.
- Á forsíðu er sérstakur *Byrjunarhnappur*, ég ætla að bæta því inn hjá mér.
- Á forsíðu er mappa sem heitir *Fyrstu skrefin* þar sem lýsingar eru á því hvað nemandinn á að gera í kennslukerfinu fyrst af öllu.
- Sniðugt að hafa vikurnar í möppu og skjal í hverri möppi merkt *i* þar sem fram koma upplýsingar um það hvað nemandinn á að gera.
- Kennari notar tilkynningar og er með fyrirmæli um hvað gera skal í hverjum vikuskammti.

Síðan koma lýsingar á því sem má laga og tillögur til úrbóta, allt beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Þegar nemandi kemur fyrst í námskerfið er ekkert sem segir honum hvar hann á að byrja.
- Á upphafssíðu væri gott að hafa fyrirmæli um hvað ætti að gera fyrst af öllu.
- Í byrjun er ekkert sem segir nemendum hvar þeir eiga að smella fyrst (það er frekar auðvelt að finna út úr því en spurning hversu öruggt fólk er ef það er að nota kerfið í fyrsta sinn).
- Erfitt að finna námsáætlun, mætti setja öðruvíis táknmynd (*icon*) á hana svo auðveldar verði að finna hana, má ekki taka nemandi langan tíma að finna námsáætlun.
- Það þarf að vera skýrar hvar skilaverkefni eru.
- Ekki alltaf ljóst að maður á að fara í *Assignments* til að finna skilaverkefni.

- Ef umræður eru notaðar, þarf að setja þær í möppur eða *Learning Modules* eða að setja texta einhvers staðar um að nemendur eiga að nota þær, annars dettur þeim það ekki í hug.

Dagatal og tilkynningar

Í kennslukerfinu eru dagatal og tilkynningar hugsuð sem tæki fyrir kennarann til að slá taktinn í áfangann og birta nemendum áriðandi upplýsingar. Flestir fjarkennarar nota þessi tæki, en aðrir mættu tileinka sér þau.

Dagatalið gefur möguleika á að setja krækjur í skjöl, verkefni, gagnvirkar æfingar og umræðumöppur svo eitthvað sé nefnt.

Hægt er að láta tilkynningar opnast sem sprettiglugga (*pop-up glugga*) sem opnast um leið og nemandi fer næst í áfanga og birta honum þannig áriðandi upplýsingar.

Upplýsingar á forsíðu og í möppum í brjóst- eða fótvísi (*header/footer*) eru líka áhrifarík leið sem kennarinn hefur til að miðla til nemenda.

Hér koma tilvitnanir í matsblöð fjarkennara um notkun tilkynninga og dagatals:

- Kennari notar tilkynningar og dagatal til að koma nemendum af stað og leiða þá áfram í kennslukerfinu.
- Virkar vel að nota tilkynningar til að minna nemendur á hverja viku.
- Dagatalið heldur utan um viðburði í áfanga.
- Notkun tengla í dagatali er góð, ég ætla að prófa þetta á næstu önn.
- Gagnvirk dagatöl (gagnvirkar krækjur settar i dagatöl). - Fínt að setja skiladaga og vikuáætlun í dagatal, en ekki í skjöl, því þá þarf bara að uppfæra dagatalið á hverri önn, en ekki skjölin líka.
- Hafa vikulegar tilkynningar og vikuleg skilaboð til að minna nemendur á hvað eigi að gera.

Námsefni

Námsefni er af margvíslegum toga, bæði efni sem er utan við kennslukerfið og efni sem kennari hefur sett í kennslukerfið og í flestum tilfellum unnið sjálfur. Í flestum áföngum koma kennarar efni á framfæri á fjölbreytilegan hátt:

- Efni sem er utan við kennslukerfið (í stafrófsröð): Kennslubækur, kennsluforrit, margmiðlunardiskar, orðabækur, tímarit, vefslóðir, verklegar æfingar.
- Efni sem er í kennslukerfi og kennari hefur í flestum tilfellum unnið sjálfur (í stafrófsröð): Efni sem hefur verið skannað inn (svo sem dæmaútreikningar, handskrifaðar glósur, myndir, smásöguhefti, stílahefti), gagnvirkar æfingar,

hefðbundar glærur, hljóðskrár, kennslubækur, myndbandsupptökur, ritvinnsluskjöl, skjöl úr töflureikni, talglærur, töflukennsla, vefsíður.

Þetta skrifa matsmenn um námsefnið, allt beinar tilvitnanir í matsblöðin:

- Vel skilreindur áfangi með fjölbreyttri miðlun efnis, kennari notar fleiri en eina leið til að koma upplýsingum á framfæri.
- Fjölbreytt námsgögn, t.d. töflukennsla, vefsíður, gagnvirkar æfingar og fleira.
- Námsgögn eru skýr og ítarleg.
- Mjög fjölbreytt kennslugögn.
- Mjög efnismikill áfangi.
- Kennari gerir námsefnið áhugavert með myndum og góðum skýringum.
- Bókin sem notuð er og efni í fjarnámsumhverfi mynda ákveðna heild sem gerir allt efnið aðgengilegt.
- Kennslubókin er í kennslukerfinu.
- Glærur sérstaklega skemmtilegar. Hvetur mig til að breyta framsetningu á efni hjá mér.
- Glærur mjög fínar, bæði talglærur og *Power Point* glærur. Rödd mjög góð að hlusta á. Myndir á glærum skýrar og fallegar.
- Fínar glærur, bæði tal og venjulegar. Sniðugt að gefa nemendum val.
- Töflukennslan glæsileg, ég mundi vilja nota hana meira í mínum áfanga.
- Töflukennslan er alger snilld, enda sýnist mér nemendur vera mjög ánægðir með hana, geta sett á pásu þegar þeir vilja.
- Handskrifaðar glósur eru skýrar og viðkunnalegri en prentaður texti. Skemmtilegar og velteiknaðar skýringamyndir eru góðar.
- Það mætti læra af þessum áfanga að kennarar gætu verið með verklegar æfingar í fleiri áföngum. Til dæmis gæti ég sent mína nemendur á listasöfn.
- *Algengar spurningar* er algjör snilld.

Í síðasta atriðinu er matsmaður að vitna til möppu í áfanga þar sem kennari hefur safnað saman algengum spurningum frá nemendum fyrri anna og svörum sínum við þeim. Þetta mættu fleiri kennarar nota því svör við spurningum sem sett eru í bréf fara forgörðum þegar áfangar eru endurstílltir á milli anna.

Það sem matsmönnum þótti að betur mætti gera varðandi námsefni koma næst fram, allt eru þetta beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Mætti gera námsefni meira lifandi, t.d. með hljóði og einnig nota tengla á netinu til þess að víkka sjóndeildarhring nemenda og fá þá til að afla sér upplýsinga þar.
- Glærur of pakkaðar og óárennilegar, betra að hafa minna á glærum og tala inn á þær.
- Of mikill texti á hverri glæru.
- Ekki nota *animation* á glærum.

- Talglærur þyrftu að vera fleiri.
- Ef einhver annar en kennarinn talar inn á glærur eða gerir töflukennslu, þarf að kynna viðkomandi. Það virkar trúlandi ef t.d. kona kennir áfanga og maður talar inn á glærurnar og hann er aldrei kynntur.

Hluti af námsefni áfanga er vistað á <http://menntavefurinn.is> og þarf að passa að það efni falli vel að öðru efni sem er í kennslukerfinu. Matsmenn höfðu þetta að segja um hvernig það hefur tiltekist, allt eru þetta beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Efni á *menntavefurinn.is* er vel fléttað inn í annað efni.
- Óljós tengsl á milli efnis sem er vistað á *menntavefurinn.is* og kennslubókar.
- Það þarf að laga efni sem er vistað á *menntavefurinn.is* að efni sem er í kennslukerfinu.
- Það þarf að taka út villandi upplýsingar um handleisðslu, mánaðarleg próf og fleira sem eru á *menntavefurinn.is*.

Verkefni

Verkefni sem fjarnemendur fá eru margvísleg og þau eru lögð fyrir nemendur með mismunandi hætti og þau vistuð á mismunandi stöðum í kennslukerfinu. Fjarkennari þarf að passa að nemandi viti nákvæmlega hvað hann á að gera í hverju verkefni, hverju hann á að skila og hvernig. Misjafnt er hvort þessi verkefni gilda sem hluti af vinnueinkunn eða ekki.

Dæmi um verkefni sem fjarkennarar nota (í stafrófsröð): Gagnvirkar æfingar, verkefni vistuð í *Assignments* tólinu og nemandi skilar þar, verkefni sem nemendur skila sem viðhengi í pósti í kennslukerfinu, verkefni sem felast í þátttöku í umræðum.

Flestir matsmenn merktu við að auðvelt væri að sjá hverju nemendur ættu að skila og hvenær skiladagar verkefna væru. Vægi skilaverkefna í lokaeinkunn kæmi líka oftast skýrt fram.

Hér kemur umfjöllun matsmanna um verkefni í fjarnámsáföngum og allt eru þetta beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Góðar leiðbeiningar með verkefnum.
- Nemendum haldið vel við efnið með skilaverkefnum. Kennarar hljóta að vera að drukkna í verkefnum og eiga hrós skilið.
- Mikill fjöldi verkefna.
- Verklegar æfingar mættu vera í fleiri áföngum.
- Gagnvirkar æfingar eru fjölbreyttar, kennari notar bæði krossa og eyðufyllingar. Jafnframt þurfa nemendur að skrifa texta og senda inn sem kennari fer svo yfir.
- Verkefni sett fram í umræðum á skemmtilegan hátt.
- Góð hugmynd að hafa verkefni sem skjöl sem nemandi þarf að klára.

Þetta höfðu svo matsmenn að segja um það sem betur mætti fara varðandi verkefni og framsetningu þeirra, allt beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Vantar gangvirkar æfingar.
- Æfingapróf og gagnvirk próf eru ruglingsleg flokkun á sama fyrirbærinu.
- Setja verkefni í *Assignments* tólið.
- Fleiri gagnvirkar æfingar þyrftu að vera.
- Svör þurfa að vera við skilaverkefnum sem ekki gilda.
- Þarf að koma skýrt fram hvað einstök verkefni gilda og hverju á að skila.
- Skýrari fyrirmæli um verkefni og skiladaga þurfa að vera í kennslukerfinu.
- Ekki alltaf ljóst hvernig nemendur eiga að skila verkefnum.

Í einstaka áföngum þarf nemandi ekki að skila verkefnum og hér kemur umfjöllun matsmanna um það, allt beinar tilvitnanir í matsblöð:

- Engin skilaverkefni!
- Kemur á óvart að ekki eigi að skila verkefnum til kennara og vægi þeirra því ekkert í lokaeinkunn.
- Ef nemendur skila engu til kennara, fá þeir aldrei uppörvandi athugasemdir eins og „Þú ert á réttri leið..“.

Lokapróf

Í lang flestum fjarnámsáföngum er skriflegt lokapróf tekið á prófatíma, annað hvort í húsnæði Verzlunarskólans, eða hjá ábyrgðarmönnum vítt og breitt um heimsbyggðina. Mikilvægt er að fjarkennari búi nemendur sýna vel undir lokaprófið og hafi í kennslukerfinu sýnishorn af gömlu prófi svo nemendur geti áttað sig á hvað þeir eigi í vændum.

Nokkrir matsmenn tjáðu sig um lokapróf og hér koma beinar tilvitnanir í matsblöð þeirra:

- Sýnipróf með svörum er mjög gott.
- Vantar gömul próf í kennslukerfið.
- Próflaus áfangi, mjög góður kostur fyrir þetta efni.

Námsmat

Námsmat í fjarnámsáföngum er með mismunandi hætti, dæmi eru um að lokapróf gildi 100% af lokaeinkunn en í flestum áföngum gildir vinnueinkunn 20-30% og lokapróf því 70-80%.


Í örfáum áföngum er gerð tilraun með óhefðbundið námsmat, lokaprófið fer þar fram í málstofum þar sem allir nemendur áfangans mæta og gera grein fyrir einhverju verkefni sem þeir hafa valið í samráði við kennara. Geti nemandi ekki mætt, þá fer lokaprófið fram munnlega í gegnum síma eða önnur tiltæk samskiptatól. Allt eru þetta fámennir áfangar og

er mjög mikilvægt að fá reynslu af annars konar námsmati en því hefðbundna sem fer fram með skriflegu lokaprófi, eða lokaprófi í tölvum. Þessir áfangar eru tilteknir með 100% vinnueinkunn á mynd 1.

Að sjálfsögðu þarf að koma skýrt fram í hverjum áfanga með hvaða hætti námsmatið er, nemandi á ekki að þurfa að velkjast í neinum vafa um það. Hann þarf að fá upplýsingar strax í upphafi um:

- Vægi lokaprófs og vægi vinnueinkunnar.
- Hvaða verkefni gilda sem hluti af vinnueinkunn.
- Hvenær þessi verkefni verða sett fyrir og hvenær á að skila þeim.

Á mynd 1 kemur fram vægi vinnueinkunnar í fjarnámsáföngum. Upplýsingar sem myndin byggir á eru fengnar úr matsblöðum fjarkennara.



Mynd 1. Vægi vinnueinkunnar í fjarnámsáföngum. Upplýsingar unnar úr matsblöðum fjarkennara. Þar kemur fram að í flestum áföngum er vægi vinnueinkunnar á bilinu frá 20-30% Nokkrir áfangar byggja allt námsmat á lokaprófi, en örfáir eingöngu á verkefnum.

Það sem þarf að laga strax

Örfá atriði komu fram á matsblöðum fjarkennara sem þarf að laga strax, þetta eru atriði sem ekki eru nemendum okkar bjóðandi. Hér koma beinar tilvitnanir í matsblöð fjarkennara um slík atriði:

- Uppfæra þarf skjöl með gömlum upplýsingum, svo sem skiladaga verkefna frá fyrri önum.
- Taka þarf út skilaboð til fjarnemenda frá fyrri önum, svo sem eins og um viðveru kennara á sumarönn.

- Lesa yfir og laga ritvillur.
- Laga þarf misræmi í því sem hlutir eru kallaðir, t.d. *verkefni* í námsáætlun en *spurningar* í bréfi frá kennara.
- Tveir leslistar rugla, þarf að sameina þá í einn.
- Laga nöfn á skjölum, þau eiga ekki að heita *adalverkefni_kafli1_breytt* heldur *Verkefni við kafla eitt*, svo dæmi sé tekið.

Nýir áfangar og gamlir

Áfangar eru orðnir misgamlir, þeir elstu eru frá haustönn 2005, en þeir yngstu eru kenndir í fyrsta sinn núna á vorönn 2008. Kennarar sem kenna elstu áfangana hafa því haft 8 annir til að betrubæta þá. Flestir áfangar eru tveggja til sjö anna gamlir.

Nokkrir áfangar sem eru kenndir núna í fyrsta sinn eru þannig tilkomnir að fjarkennari var „neyddur“ til að taka áfangann að sér þar sem einhverjir nemendur VÍ féllu í áfanganum í endurtektarprófum í janúar s.l. og þurfa þeir því að taka próf aftur núna í maí. Ekki er hægt að gera kröfur til þess að slíkir áfangar séu eins vel úr garði gerðir og þeir elstu, en þeir eiga án efa eftir að vaxa og dafna þegar fram líða stundir.

Það kom á óvart að sumir matsmenn bentu á að elstu áfangarnir væru ekki endilega betri en þeir nýju og hér koma beinar tilvitnanir í matsblöðin því til stuðnings:

- Svo virðist sem áfanginn sé löngu tilbúinn og að kennarinn sé búinn að missa sambandið við nemendur.
- Áfanginn er löngu tilbúinn og kennari búinn að missa samband við nemendur sína og nemendur fá aldrei uppörvandi athugasemdir.
- Þó áfanginn sé orðinn þroskaður má ekki sofna á verðinum.

Þetta er umhugsunarefni og styður þá kenningu fjarnámsstjóra að ekki sé hægt að búa fjarnámsáfanga til í eitt skipti fyrir öll. Áfangi þarf að vera í stöðugri þróun og endurskoðun hvað varðar skipulag, námsefni og verkefni. Síðan er ekki nóg að hafa flott efni inni í fjarnámsáfanga ef engin eru samskiptin við kennarann.

Lokaorð fjarkennara á matsblöðum

Jafningjamatið var tilraun til að auka umræðu um fjarkennslu og fjarnám innan Verzlunarskóla Íslands. Hugmyndin var að kennarar lærðu hverjir af öðrum með því að heimsækja áfanga hverra annarra. Hér koma að lokum nokkrar beinar tilvitnanir í matsblöð fjarkennara sem lýsa því sem þeir sáu og hvaða lærdóm þeir gætu dregið af því:

- Áfanginn er mjög fagmannlega unninn.
- Mjög vandaður og vel skipulagður áfangi.
- Afar vel gerður áfangi, mikill vinna að baki honum og alúð lögð í hann.
- Fannst þetta flott í alla staði og margt sem ég lærði, takk fyrir.

- Matsmaður er heillaður af áfanganum og ég sá ekkert sem þyrfti að bæta nema eigin kunnáttu í faginu.
- This course is extremely professional, attractive to look at, easy to navigate, very thorough in its coverage of the material, and varied in the way the materials are presented to students. It exploits all the media available to teach a language - web links, recordings, interactive board etc. It should be shown to new teachers as an example of what is possible. Absolutely excellent.
- Unnið af mikilli alúð.
- Mikil og góð vinna á bak við þennan áfanga.
- Greinilega verið nostrað við þennan áfanga!
- Áfanginn fellur að kröfum um gott fjarnám.
- Mér finnst áfanginn metnaðarfullur og góð auglýsing fyrir fjarnámið.
- Þetta er mjög vandaður áfangi, uppsetningin er skýr og ætti ekki að vefjast fyrir neinum.
- Mér dettur bara ekkert í hug sem mætti bæta, þetta er allt einkar vel gert.

Lokaorð fjarnámsstjóra

Það er bjargföst skoðun mín að fjarnámsáfangar sem Verzlunarskóli Íslands býður nemendum sínum uppá, séu þegar á heildina er litið, vel úr garði gerðir og að fjarkennarar sinna sínum störfum með sóma.

Áfangar eru mismunandi og þeir eiga að vera þannig: Þeir fjalla um mismunandi efni, þeir eru misefnismiklir, kennarar eru mismunandi manneskjur, þeim lætur misvel að skipuleggja efnið sem þeir setja fram og þeir eru mislagnir við að „*performera*“ í kennslukerfinu.

Fjarkennarar eru að læra að tileinka sér þá tækni sem felst í fjarkennslu og þurfa tíma til að ná tökum á henni. Allir leggja sig fram við að gera sitt besta og vinna sitt starf af fagmennsku. Niðurstöður úr jafningjamatinu gefa tilefni til mikillar bjartsýni um að við séum á réttri leið. Ég vil leggja út af setningu sem kom frá einum fjarkennara á matsblaði í lokaorðum, mínum:

„Þegar ég opnaði viku eitt, leið mér eins og kennarinn væri við hliðina á mér“.

Það ætti að vera markmið hvers fjarkennara að búa áfangann sinn þannig úr garði að nemandi finnst kennarinn standa við hlið sér þegar hann er í kennslukerfinu.

Reykjavík, 19.4.2008

Sigurlaug Kristmannsdóttir

fjarnámsstjóri VÍ